

Fundur 3.11.2025 Daníel flugmaður.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

*Já gott kvöld.*

Tala ég til ykkar frá framlífsjörð og vona ég að þið skynjið máttinn hér í salnum og munum við gjarnan hjálpa ykkur að eflast enn meira og öðrum þeim sem hafa komið í sambandið.

Styð ég einnig innilega fólkið þar sem ættað er frá mínu landi, þótt það sé búsett annars staðar.

Og hefur mannkynið lengi verið að kljást við mannréttindabrot og annan ófögnuð og mjakast það áfram og tekst að lokum að færa þá hluti í rétt horf.

Kom ég nú ekki til að tala um það sérstaklega, heldur stóru heildarmyndina og hversu stoltur ég er af því að hafa tekið þátt í, já enn eru það helstefnu öflin að trufla mál mitt, en byrja ég á því að segja frá stjórnudýrðinni hér fyrir utan gluggana og mun það væntanlega efla mig og magna, áður en ég get byrjað á megin máli mínu.

Og vil ég byrja á því að segja að það er mjög til bóta fyrir mannkyn okkar jarðar og fyrir þjóð mína ekki hvað síst og fólk mitt í nágretta héraðinu og bæjarfélaginu sem sækir þessa stjórnusambandsstöð, að vitneskja almennings um stjórnúmerkin sem sjást með berum augum þegar stjórnubjart er, hún er meiri en var á gömlu jörðinni.

Og það er nú svo merkilegt að stjórnukerfi okkar, sólhverfi okkar og næstu nálægt við skærar stjórnur sem þekktar eru sem stjórnúmerki eins og var á gömlu jörðinni, eru miklu fleiri byggðar stjórnur en var á gömlu jörðinni.

Er það nú svo þannig að þegar fólk sér þessar stjórnur, þá þekki það stjórnúmerkin og segir börnum sínum hvers konar byggðir hnettir eru þar að finna.

Og er þar að vísu á sumum stjórnnum þarna úti í geimnum lítt þróað líf, þar sem jurtir, dýr og mannapar eru ráðandi, en ekki háþróað vitsmunalíf.

En metum við það allt að verðleikum og segjum börnum okkar sögur af því.

En þetta var nú formáli, en eins og ég kom inn á er ég stoltur af afrekum mínum sem ég vann núna ekki fyrir löngu síðan.

Er ég hér vel varinn á framlífs hnetti mínum og hef ég ekki misst minnið eða lent í öðrum árásum Jahve eða annara sem helstefnunni tilheyrar, og hef ég fullt minni og fulla heilsu um atburði þá sem gerðust.

Og höfum við þurft að passa upp á orkuna og hér eru tvennskonar mannkyn sem vernda hnött okkar, og er ég sjálfur flugmaður á farkosti þeim sem þið nefnið geimskip.

Og fór ég í hina miklu sendiför með Fisher og öðrum, og var ég flugmaður, og dáist mjög að honum, hvernig hann gerði áætlanir þegar fréttir bárust og taka þurfti ákvarðanir í skyndi um árásir og annað slíkt, og komust við á áfangastað.

En skipulagði hann ásamt öðrum mönnum framarlega í þessum áætlunum, árásir á marga Jahve hnetti í einu, og kom það okkur mjög á óvart hversu vel það gekk, og var að vísu talsverð mótspyrna sumstaðar, en var við hana ráðið, og gátum við frelsað fjölmarga og fært á betri hnetti, þar sem ekki var slíkt aflsvið til hindrunar frelsi og heilsu þessara vesalings manna og kvenna.

Og tókum við þá úr kerjum og af ýmsum ökrum þrældóms og úr námum og öðrum svæðum þar sem þau nutu ekki frelslis eða mannréttinda og færðum á betri hnetti, og höfum reynt að vekja til minnis og fulls lífs, og hefur það mjög oft tekist.

En kom svo Jahve fram á fundum okkar margsinnis eftir það, og hló hann mikið og sagði að þetta hafi verið gildru og að hann hafi fengið upplýsingar um okkur og hygðist gera árás í staðinn, sem gekk eftir og gerðist það víða.

Og höfum við ekki bitið úr nálinni með það fullkomlega enn þá, en teygir það sig til jarðarinnar, og réttlætismál það sem ég hlustaði á í sambandinu hér á undan, tengist þessu vissulega.

En það er mesta gæfa okkar og gleðiefni sem erum hluti af framlífs mannkynjunum þegar konurnar sjá að árásir á þeirra frelsi og mannréttindi, eru hluti af þessari sömu baráttu, að þá hætta þær að telja karlana eina seka sem gegn þeim vissulega vinna og eru í órétti, en eru þó hluti af stærra mynstri sem komið hefur verið á fyrir langa löngu af miklum Drottinum, Jahve og öðrum sem ykkar gömlu trúarbrögð kalla tröll og öðrum miður geðslegum nöfnum, sem eiga þó vissulega rétt á sér.

Já það verður mikill sigurdagur þegar hinir ýmsu baráttuhópar jarðarinnar og annara frumlífs jarða fara að taka undir með Nýslistefnunni og sjá samhengið í þessu á þennan hátt.

En undir yfirsíkinu friðar og framfara, hefur Jahve tekist að koma ýmsu áleiðis, en hefur það ekki verið til bóta.

Nafn mitt er Daníel, var ég uppi á fimmtánda öld, bóndi í Bretlandi og hef ég unnið við fjölmörg störf síðan og eru þau of mörg til að telja upp, en er ég laustengdur samtökum þeim sem Ian Collins og fleiri hafa talað frá, og stefna að framförum og mannréttindum og sigri á helstefnunni og úrbótum í trúarefnum og menningarmálefnum ýmsum.

Já Daníel.

*Sæll vertu, velkominn.*

Já takk fyrir, ég er flugmaður að atvinnu hér á þessari jörð og má titla mig slíkan, á ég hér nokkur börn og hef ég þurft að gæta þeirra eftir að Jahve fór að láta á sér kræla með ógnum og stríðsæsingi víða, en er ég nokkuð bjartsýnn að það takist að halda friðinn hér á þessari jörð, framlífs jörð.

Já, gleður það mig að hafa komist í sambandið og óska ykkur gæfu og gengis og munum reyna að hafa samband síðar.

Verið þið blessuð og sæl.

*Við viljum óska ykkur alls hins besta líka.*

Takk fyrir takk fyrir.

*Vertu blessaður Daníel.*